

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Framtíðar íbúðarsvæði er felld niður ásamt vegtengingu inn á svæðið.
- Svæði fyrir verslun og þjónustu er minnkað og breytist að hluta til í svæði fyrir frístundabyggð og opið svæði til sérstakra nota.
- Opið óbyggt svæði sunnan, norðan og vestan svæðis fyrir verslun og þjónustu breytist í svæði fyrir frístundabyggð.
- Opið svæði til sérstakra nota og óbyggt svæði við tjaldsvæði breytist í svæði fyrir frístundabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 27. júlí 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015, Barðastaðir í Staðarsveit.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015, frá 8. júlí 1997.

Breytingin felst í því að 4,5 ha landbúnaðarsvæði í landi Barðastaða breytist í svæði fyrir frístundabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Snæfellsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 27. júlí 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.